



Horfur í efnahagsmálum 2018-2020

Hagspá ASÍ
Nóvember 2018



SPÁ HAGDEILDAR ASÍ

Hlutfallsleg breyting	Í ma.kr.		Spá		
	2017	2017	2018	2019	2020
Einkaneysla	1.315,7	7,9	4,8	2,6	1,5
Samneysla	610,0	3,1	2,6	2,4	2,0
Fjármunamyndun	582,0	9,5	3,3	5,6	4,2
þar af atvinnuvegir	400,8	4,8	-2,9	1,2	2,4
þar af húsnæði	98,0	18,4	24,5	15,9	8,6
þar af hið opinbera	83,2	26,9	13,9	11,0	6,3
Þjóðarútgjöld	2.508,4	7,0	4,2	3,0	2,3
Útflutningur	1.206,3	5,5	3,6	2,7	2,0
Innflutningur	1.099,5	12,5	5,1	3,6	3,0
Landsframleiðsla	2.615,2	4,0	3,5	2,6	1,7
Verðbólga ¹		1,8	2,7	3,7	3,3
Atvinnuleysi ²		2,2	2,4	3,0	3,1
Gengisvísitala ³		160	166	181	182
Vöru- og þjónustu jöfnuður ⁴		4,1	2,3	0,5	-0,1


¹ Breyting milli ársmeðaltala, neysluverðsvisitala

² Skráð atvinnuleysi, hlutfall af áætluðum mannafla

³ Ársmeðaltal

⁴ Hlutfall af landsframleiðslu

Hagvöxtur



Heimild: Hagstofa Íslands og Spá ASÍ

Helstu atriði




- Umsvif enn mikil í hagkerfinu en efnahagslífið sýnir merki þess að hægja muni á vexti á næstu árum og óvissa um efnahagshorfur hefur aukist.
 - Við spáum minnkandi hagvexti á spátímanum eftir mikinn vöxt undanfarinna ára þar sem bæði koma til minni vöxtur innlendrar eftirspurnar og hægari fjölgun ferðamanna.
 - Raungerist spáin verður 3,5% hagvöxtur á þessu ári og hagvöxtur á bilinu 1,7-2,6% á árunum 2019-2020.
 - Sviðsmyndin felur í sér mjúka lendingu hagkerfisins með áframhaldandi vexti hagkerfisins.
- Verðbólguhorfur hafa versnað og verðbólga mun fara vaxandi á næstu misserum.
 - Gengi krónunnar hefur veikst hratt frá ágúst byrjun eða um 12%. Sú þróun er ekki óvænt í ljósi breyttra efnahagsaðstæðna og væntinga.
 - Dregið hefur úr áhrifum húsnæðisverðs á verðbólgu en á móti hefur hækkun bensínverðs og annars verðlags ýtt undir verðbólgu.
 - Áhrif af veikara gengi munu koma fram í hækkun á innfluttu verðlagi á næstu misserum.
- Erfiðar aðstæður ríkja á húsnæðismarkaði og mikill munur á stöðu eigenda og annarra.
 - Erfiðar aðstæður ríkja á leigumarkaði þar sem leiguverð hefur hækkað umfram laun frá 2011.

Breyttir tímir í ferðapjónustu




- Hægt hefur á fjölgun ferðamanna, 3,7% milli ára í jan-apr, og 3,2% milli ára í maí-ágúst. Þetta er mikill viðsnúningur milli ára en brottförum erlendra ferðamanna fjölgaði um 24% á síðasta ári.
- Þó ferðamönnum sé enn að fjölga þá hefur dregið úr dvalarlengd þeirra, neysluhegðun hefur breyst og eyðsla þeirra minnkað. Vísbendingar eru um að sú þróun komi verr niður á jaðarsvæðum.
- Þessi þróun er ekki að öllu leyti óvænt en engu að síður verður það áskorun fyrir ferðapjónustu að aðlagast jafnvægi í greininni.
- Við spáum hóflegum vexti í útflutningi á næstu árum, 3,6% á þessu ári, 2,7% árið 2019 og 2% í lok spátímans þar sem við gerum ráð fyrir minnkandi fjölgun ferðamanna.

Vöxtur útflutnings



Heimild: Hagstofa Íslands og Spá ASÍ

Brottfarir erlendra ferðamanna á mánuði - meðaltal




Heimild: Hagstofa

Verðbólguhorfur hafa versnað undanfarin misseri




- Verðlagsþróun hefur tekið breytingum frá síðasta ári þegar verðhjöðnun ríkti þegar horft var framhjá áhrifum húsnæðis.
- Verðhjöðnun verðlags án húsnæðis á síðasta ári skýrðist m.a. af styrkingu gengis krónunnar, hagfelldri þróun hrávöruverðs og aukinni samkeppni á matvörumarkaði.
- Nú hefur dregið úr hækkunum á húsnæðisverði en verðbólguþrýstingur er orðinn sýnilegur á mörgum undirliðum vísitölu neysluverðs. Dagvara hefur hækkað um 3,4% milli ára og hækkun olíuverðs hafði leitt til 16% hækkunar bensínverðs milli ára í október.

Verðbólga 2013-2018



Ársbreyting verðlags



Heimild: Hagstofa Íslands

Heimild: Hagstofa Íslands

Verðbólguhorfur hafa versnað undanfarin misseri



- Gengi krónunnar hefur veikst um yfir 12% frá byrjun ágúst og Evran hækkað um 15 kr á sama tíma, úr 123 kr. í 138 kr. og gengið því ekki verið veikara frá ágúst 2016.
- Eftir að hafa verið yfir markmið Seðlabankans frá því í sumar teljum við að veiking krónunnar muni ýta undir frekari hækkun vísitölu neysliverðs. Þróun gengis krónunnar er þó bundin mikilli óvissu.
- Meðalverðbólga á þessu ári verður 2,7% og gangi spá Hagdeildar eftir má búast við að verðbólga verði um 3,7% á næsta ári. Það væri mesta hækkun verðlags frá árinu 2013 þegar verðbólga mældist 3,9% á ársgrundvelli.

Verðbólguspá



Heimild: Hagstofa Íslands og Spá ASÍ

Gengisvísitala krónunnar




Heimild: Seðlabanki Íslands og Spá ASÍ

Dregur úr vexti einkaneyslunnar á spátímanum




- Spáum 4,8% vexti einkaneyslunnar á þessu ári en gerum einnig ráð fyrir að hægja muni á þeim vexti á komandi misserum. Einkaneyslan eykst því um 2,6% á næsta ári og 1,5% árið 2020 gangi spá okkar eftir.
- Vöxtur einkaneyslunnar hefur verið kraftmikill undanfarin ár og ekki óvænt að í lok hagsveiflunnar myndi draga úr þeim vexti. Einkaneyslan verður engu að síður um 17% meiri í lok spátímans heldur en árið 2007.
- Dregið hefur úr væntingum heimilanna um horfur í efnahagslífinu og líklegt að aukin óvissa komi til að að hægja á vexti einkaneyslunnar, m.a. með minni stórkaupum heimilanna.

Einkaneysla - Breyting milli ára



Heimild: Hagstofa Íslands og Spá ASÍ

Væntingar heimilanna til efnahags- og atvinnuástands




Heimild: Gallup, Hagvísar Seðlabanka Íslands

Opinber fjárfesting og mannvirkjagerð halda uppi fjárfestingastiginu



- Samsetning fjármunamyndunar tekur breytingum nú þegar hægir á vexti atvinnuvegafjárfestingar. Fjármunamyndun verður á bilinu 23-25% af vergri landsframleiðslu.
- Lítil breyting verður á atvinnuvegafjárfestingu á spátímanum. Spáum samdrætti á þessu ári (-2,9%) og hægum vexti á árunum 2019-2020, eða að jafnaði 1,8%.
- Mikil umsvif í íbúðabyggingu og aukin fjárfesting hins opinbera vega upp á móti minni fjárfestingum atvinnuveganna.
- Fjárfesting hins opinbera hefur aukist eftir að hafa verið við sögulegt lágmark á árunum 2011-2016. Raungerist spá ASÍ verður hún þó einungis í kringum langtíameðaltal í lok spátímans.

Fjármunamyndun




Heimild: Hagstofa Íslands og Spá ASÍ

Hægt hefur á hækkun húsnæðisverðs sem þó er í sögulegum hæðum




- Aukið framboð nýs húsnæðis, minni þensla og aukin óvissa um efnahagshorfur hafa vafalaust slegið á þá miklu spennu sem myndaðist á markaðnum á síðasta ári. Húsnæðisverð hækkaði um 0,6% í september eða um 3,9% milli ára.
- Íbúðafjárfesting eykst um fjórðung á þessu ári og svo um 15,9% á næsta ári og 8,6% árið 2019.
- Húsnæðisverð er hinsvegar sögulega hátt og því sjaldan verið erfiðara fyrir nýja kaupendur að koma inn á markaðinn en þeim mætir erfiður leigumarkaður eða búseta í foreldrahúsum.
- Eigendur húsnæðis hafa notið góðs af þróuninni undanfarin ár. Þeirra staðað hefur batnað samhliða verðhækkunum, lágri verðbólgu og sögulega lágum langtímavöxtum.

Raunverð húsnæðis 2013-2018



Framboð íbúða




Heimild: Hagstofa Íslands og áætlun SI

Leiguverð hækkað hraðar en laun undanfarin ár



- Gríðarlegur munur á stöðu eigenda húsnæðis og þeirra sem eiga ekki. Staða leigjenda er þröng á flesta mælikvarða.
- Leiguverð hækkað umfram laun frá 2011, eða um 90%. Á sama tímabili hafa laun hafa hækkað um 74% og lægstu laun um 82%.
- Samkvæmt nýlegri viðhorfskönnun ÍLS leigir meirihluti af nauðsyn, þ.e. leigjendur geta ekki safnað fyrir útborgun eða eignast eigið húsnæði.
- Þar kemur fram að þriðjungur leigjanda greiðir meira en helming ráðstöfunartekna í leigu...
- ...og leigjendur hafa að meðaltali flutt 3,8 sinnum á síðustu 10 árum og 1,6 sinnum á undanförunum þremur árum. Hinir tekjulægstu þurfa að skipta oftast um húsnæði en aðrir.

Þróun leiguverðs og launa




Heimild: Þjóðskrá, Hagstofa Íslands

Samneysla eykst að jafnaði um 2,3% á ári yfir spátímamann



- Stefna undanfarinna ára í opinberum fjármálum miðað að lækkun skatta, þ.e. afnám auðlegðarskatts, lækkun veiðigjalda, lækkanir á neyslusköttum, afnám tolla og vörugjalda og lækkun tekjuskatta.
- Þessi veiking tekjustofna hins opinbera hefur dregið úr getu stjórnvalda til að ráðast í velferðarumbætur.
- Skattbyrði hinna tekjulægstu hefur hinsvegar aukist og ásamt veikingu tilfærslukerfana, þ.e. barna-, vaxta- og húsnæðisbóta, orðið til þess að draga úr kjarabótum umsamdra launahækkana.

Samneysla - Breyting milli ára




Heimild: Hagstofa Íslands og Spá ASÍ

Atvinnuleysi stöðugt milli ára og störfum hefur fjölgað




- Lítil breyting á atvinnuleysi milli ára og um 200 fleiri voru atvinnulausir á fyrstu þremur ársfjórðungum borið saman við síðasta ár.
- Starfandi einstaklingum fjölgaði hinsvegar um 4500 milli ára á sama tímabili og fjölgunin skýrist af fjölgun starfandi í fullu starfi á meðan einstaklingum í hlutastarfi fækkaði.
- Hægari vöxtur í efnahagslífinu gæti dregið úr vinnuafleifirspurn og atvinnuleysi því farið vaxandi á næsta ári.
- Spurningakönnun atvinnurekenda hjá 400 stærstu fyrirtækjum landsins bendir til þess að dregið hafi úr skorti á starfsfólki og hægja muni á fjölgun starfandi.

Meðalfjöldi starfandi



Heimild: Hagstofa Íslands

Atvinnuleysi



Heimild: Hagstofa Íslands